

Fundur í Hverfisnefnd Oddeyrar. Haldinn á Kaffi Ilmi þriðjudaginn 29.júlí 2014.

53. fundur

Mættir voru: Perla Fanndal formaður, Jón Ingi Cæsarsson, Jón Einar Jóhannsson, Hjalti Jóhannesson auk undirritaðs.

1. Hverfishátíð á Oddeyri á Akureyravöku. Á milli kl. 10 og 12.

- Hugsanlegt að fá skáta (bjóða þeim mögulega laun eða “styrk” á móti vinnuframlagi) til að standa fyrir leikjum, einnig að leigja af þeim tjald og DJ Doddi Mix var nefndur í samhengi við tónlistarflutning.
- Hugmynd að fá fyrirtæki af Eyrinni (Kaffibrennslu, VIKING, Kristjánsbakarí o.fl.) til að koma að dagskránni með einum eða öðrum hætti.
- Hvetja gamla Eyrarpúka til að mæta.

Niðurstaða var að standa fyrir skottsölu / borðsölu / skiptimarkaði á Eiðsvellinum. Bjóða upp á kaffi og Svala og veitingar og bjóða uppá leiki fyrir börnin. Einnig að tónlist verði leikin á svæðinu.

2. Önnur mál

- Hnipa í Akureyrarbæ varðandi lóðina Lundargötu 17

Samþykkt að fela JIC að taka saman greinargerð með myndum varðandi ástand L17 og senda á þá sem málið varðar.

- Ráðast í átak vegna sóðaskapar á og við lóðir, menn geymi ekki bílflök, vinnuvélar eða annað rusl sem spillir umhverfi sínu eða skapar hættu á lóðum. Olíu og öðrum slíkum úrgangi ekki sleppt beint í jarðveg líkt og dæmi eru um. Fá Heilbrigðiseftirlit og Skipulagsnefnd með í lið í því átaki.
- Götur ýmsar illa farnar, Vellirnir í kringum Oddeyrarskólan í sérlega lélegu ástandi.
- Ýmsir möguleikar ræddir varðandi framtíð byggðar á Oddeyri. m.a. Að flytja umferð á Laufásgötu og stækka íbúðabyggð austur yfir Hjalteyrargötu. Byggð séu hús í samræmi við skilmála vegna nærliggjandi byggðar o.s.frv.

3. Næstu mál á döfinni:

- Bjóða Skipulagsfulltrúa og Heilbrigðisfulltrúa á fund vegna umhverfisáttak
- Hugsanlegt Málþing um framtíð byggðar á Oddeyri.

Akureyri, 29.júlí 2014.

Arnór Bliki Hallmundsson ritari Hverfisnefndar Oddeyrar.